

Nr. 18-198 S 139 Sindri VE 60***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 1274
Útgerð: Vinnslustöðin hf.
Smíðaður: Japan, 1972, stál
Stærð: 582,96 brl. 849,03 bt.
Mesta lengd: 57,89 m *Skráð lengd:* 53,68 m
Breidd: 9,50 m *Dýpt:* 6,50 m
Vél: Niigata, 1691 kw, 1988
Fjöldi skipverja: 15



Sindri © Óskar Friðriksson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 30. ágúst 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 19. júlí 2018 var Sindri VE 60 á togveiðum N við Hrossnes. Veður: Gott.

Skipverjar voru að vinna í lest við að stafla körum þegar einn þeirra féll á kar og slasaðist. Í ljós kom að rif brákuðust.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði var að setja kar í fjórðu hæð þegar hann féll.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.